

Fjárlaganefnd Alþingis  
Stefán Vagn Stefánsson, formaður  
Kirkjustræti 1  
101 Reykjavík


Reykjavík 27. maí 2024.

Efni: Niðurskurður fjárheimilda til dómstóla samkvæmt fjármálaáætlun 2025 – 2029.

Samkvæmt þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun 2025 - 2029, sbr. ákvæði 3. mgr. 21. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og 1. mgr. 7. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016, er í útgjaldaramma fyrir dómstólanna gert ráð fyrir töluverðum niðurskurði á fjárframlagi til málefnasviðsins á tilgreindu tímabili. Stjórn Lögmannafélags Íslands geldur varhug við fyrirhuguðum niðurskurði á fjárframlögum til reksturs dómstólanna og reyndar annarra sviða réttarvörslukerfisins, enda liggur fyrir að grunnfjárheimildir til málaflokksins samkvæmt fjárlögum eru þegar undir áætluðum rekstrarkostnaði. Að mati stjórnar félagsins er sú hættta fyrir hendi að niðurskurður fjárframlags til dómstóla geti bitnað á afkastagetu dómstólanna, sem þegar eru undir miklu álagi, og komi þannig niður á málshraða, sem aftur bitnar á réttaröryggi borgaranna og grundvallar mannréttindum, m.a. ákvæði 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar. Jafnframt beri að hafa í huga að framundan er vinna við innleiðingu stafræns dómkerfis, sem án efa mun leiða til aukinnar hagræðingar og vinnusparnaðar innan dómskerfisins þegar til lengri tíma litið. Hætt er við að boðaður niðurskurður á fjárframlagi til málaflokksins muni bitna á innleiðingarferlinu og því hagræði sem stafrænni málsmeðferð mun fylgja.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar Lögmannafélags Íslands.



Ingimar Ingason, framkv.stjóri.